

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Bjarna Péturssonar á Grund, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-¹³ ráðherra 19. febrúar 1931. Skipulagsskráin er þannig: 19. febr.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Bjarna Péturssonar á Grund, er andaðist 8. ágúst 1928.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Bjarna Péturssonar á Grund og er stofnaður af búnaðarfélagi Skorradalshrepps og frjálsum samskotum innan hreppsins. Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 310, — þrjú hundruð og tíu krónur. — Ennfremur leggur búnaðarfélagið honum til kr. 50,00 — fimmtíu krónur — á ári, þangað til hann er orðinn samtals, með vöxtum og vaxtavöxtum 1000 — þúsund — krónur. Sjóðinn má auka með gjöfum, útgáfu minningarspjalda, eða á hvern þann hátt, sem búnaðarfélag Skorradalshrepps ákveður og ekki fer í bága við skipulagsskrána.

2. gr.

Verkefni sjóðsins er að styðja að búnaðarframförum í hreppnum:

- 1) Með því að lána fé til framkvæmda innan sveitarinnar:
 - a) til kaupa á tilbúnum áburði og sáðvörum,
 - b) — — — jarðyrkju- og heyvinnuverkfærum,
 - c) — allskonar jarðyrkjuf framkvæmda,
 - d) — annarra framkvæmda, er miða að framförum búskapar í sveitinni,
- 2) Með því að styrkja jarðabótarstarfsemi hrepps-búa, og sé þá greitt jafnt á öll þau dagsverk, sem tekin eru á jarðabótaskýrslu.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn búnaðarfélags Skorradalshrepps. Sé hann ekki allur í útlánum samkvæmt 2. gr. 1) a—d, skal hann ávaxtaður í tryggri opinberri peningastofnun, eða vel tryggðum og auðseljanlegum veðbréfum.

Stjórn sjóðsins semur reglur um útlánsstarfsemi hans og skulu þær samþykktar á aðalfundi búnaðarfélagsins, í fyrsta sinn árið 1930. Úr því skulu þær endurskoðaðar í hvert sinn sem ártalið endar á 0.

Vextir af lánum sjóðsins mega þó aldrei vera hærri en það, að þeir séu 1% lægri en útlánsvextir Landsbankans, eins og þeir eru á hverjum tíma.

13 19. febr. Fyrst um sinn lánar sjóðurinn ekki nema til mjög stutts tíma, en láns-
tímann má lengja þegar sjóðurinn er orðinn dálítið veruleg upphæð, þó má
hvert einstakt lán aldrei standa lengur en 15 ár.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Allir vextir af fé sjóðsins leggist við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur. Úr því má verja hálfum vöxtum til styrktar jarðarbótamönnum hreppsins samkvæmt 2. gr. 2), hinn helmingurinn leggist við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn er orðinn að upphæð 40000 — fjörutíu þúsund — krónur. Úr því má verja $\frac{3}{4}$ vaxtanna í þeim tilgangi sem áður er sagt, en $\frac{1}{4}$ leggist þá alltaf við höfuðstólinn.

5. gr.

Þegar upphæð sú, sem kemur til úthlutunar samkvæmt 2. gr. 2, er orðin svo há að nemur einni krónu á hvert jarðabótadagsverk í hreppnum má gera breytingu á 2. gr. 2) skipulagsskrárinnar, þannig að styrkja megi önnur nytsemdarfyrirtæki í hreppnum en jarðabætur. Breyting sú nær þó því aðeins fram að ganga, að samþykkt sé á aðalfundi búnaðarfélags Skorradalshrepps af $\frac{3}{4}$ hlutum félaga þess, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að breyting á skipulagsskrá þessari yrði til umræðu og borin upp til samþykktar.

6. gr.

Þegar farið verður að úthluta styrk úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. 2) getur aðalfundur búnaðarfélags Skorradalshrepps ákveðið að verja nokkrum hluta þeirrar upphæðar, sem til útborgunar kemur, sem þóknun fyrir reikningshald sjóðsins og starfrækslu.

7. gr.

Formaður búnaðarfélags Skorradalshrepps hefir á hendi reikningshald og framkvæmd sjóðsins. Öll stjórn félagsins undirritar þó reikningana og ber hún öll í sameiningu ábyrgð á því, að þeir séu réttir. Reikningana skal endurskoða á sama hátt og reikninga búnaðarfélagsins, og þeir lagðir fram árlega á aðalfundi þess.

8. gr.

Leggist búnaðarfélag Skorradalshrepps niður, skal kosin þriggja manna nefnd til þess að annast sjóðinn. Skal hún kosin um leið og hreppsnefnd og á sama hátt og hefir hún þá sömu skyldur við sjóðinn og búnaðarfélag hreppsins hafði.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.